



Samstarfsyfirlýsing menntastofnanna viðbragðsaðila.

Þann 29.mars síðastliðinn undirrituðu fulltrúar Björgunarskóla Landsbjargar, Brunamálaskólans og Sjúkraflutningaskólans yfirlýsingu um samstarf um menntun og þjálfun viðbragðsaðila á Íslandi á þeim sviðum sem skólarnir sinna.

Í yfirlýsingunni segir að takmarkað samræmi sé í menntun innan málaflokksins og aukið samstarf sé vannýtt auðlind sem virkja megi betur.

Markmið verkefnisins er að greina og samræma menntun og þjálfun sem hagar er á samræmingu um, leiðarljósið er að ávinningur sé skýr fyrir þá einstaklinga, hópa eða samfélög sem standa frammi fyrir neyðarástandi sem krefst viðeigandi viðbragðs.

Reglulega koma upp tilfelli sem gera kröfu á skilvirkt samstarf á vettvangi, þekking á skipulagi og hlutverki hvers og eins er lykilþáttur í að tryggja farsæla úrlausn verkefna. Er samstarfinu ætlað að efla tengsl og styrkja kerfi neyðar og viðbragðsþjónustu á Íslandi til framtíðar.

Fjölþættan ávinning má greina af samstarfinu, sérfræðiþekking finnst víða og með því að vinna saman að námsefnisgerð í ákveðnum þáttum og skapa grundvöll fyrir sameiginlegum námskeiðum er verið að nýta þær auðlindir betur sem nú þegar eru til staðar og styrkja grundvöll fyrir uppbyggingu æfingasvæða.

Fulltrúar Björgunarskólans, Brunamálaskólans og Sjúkraflutningaskólans fagna yfirlýsingunni og telja að um tímamót sé að ræða

„Reglulega berast fréttir af útköllum og verkefnum sem unnin eru í sameiningu og kalla á sérfræðiþekkingu og reynslu frá ólíkum einingum. Takmörkuð aðföng og mannauður eru til staðar í viðbragðskerfinu á Íslandi og mikilvægt að leita allra leiða til að styrkja það og efla. Með þessari yfirlýsingu eru aðilar að sína vilja í verki en mikill metnaður er fyrir því að rækta þetta samstarf og skila raunvörulegum ávinningi. Öll viljum við búa í öruggu samfélagi með þéttu öryggisneti og má því segja að þetta sé tímamótayfirlýsing sem til þess er fallin að styrkja netið okkar til muna“

Á dagskrá er fyrsti fundur fulltrúa skólanna en stefnt er að gefa út og kynna verkefnaáætlun fyrir 30.september 2023.



Samstarfsyfirlýsingin í heild.

Samstarfsyfirlýsing Brunamálaskólans, Sjúkraflutningaskólans og Björgunarskóla Landsbjargar 2023-2025

1. Inngangur

Takmarkað samræmi er í þjálfun og menntun viðbragðsaðila á Íslandi og ljóst að samstarf innan málaflokksins er vannýtt auðlind sem virkja má betur.

Greina má fjölbættan ávinning af slíku samstarfi því mörg verkefni kalla á aðkomu ólíkra eininga sem vinna þurfa í sameiningu að úrlausn þeirra verkefna sem liggja fyrir.

2. Markmið

Samstarfinu er ætlað að efla þjálfun og menntun slökkviliða, björgunarsveita og sjúkraflutninga með samræmdu námsefni og bættum skilgreiningum á hlutverkum hvors aðila í tilteknum gerðum verkefna.

Ávallt skal greina þá þætti samstarfsins sem best eru til þess fallnir að bæta þjónustu við einstaklinga, hópa eða samfélög sem standa frammi fyrir neyðarástandi sem krefst viðeigandi viðbragðs.

Almannavarnir hafa sett fram *samræmingarreglu*¹ sem þýðir að aðilar bera sjálfstæða ábyrgð á að samhæfa störf í undirbúningsvinnu annars vegar og í björgunaraðgerðum hins vegar.

Með þessari samstarfsyfirlýsingu er verið að leitast við að uppfylla þá skyldu að samhæfa störf í undirbúningsvinnu sem leiða ætti til jákvæðra áhrifa á björgunaraðgerðir.

3. Verklag

Leitast skal við að sú vinna sem samstarfið krefst hafi sem beinust áhrif á störf allra aðila og afurðir verði sýnilegar. Verkáætlan til tveggja ára skal liggja fyrir eigi síðar en 30. September 2023 þar sem verkefnum er forgangsraðað eftir mikilvægi ávinnings.

Framkvæmd samræmdrar námsefnisgerðar og skipulag þjálfunar verður unnið í „sprettum“ þar sem verklýsingar eru unnar og þátttakendur undirbúa sig fyrir snarpar vinnutarnir sem hafa skýrt markmið og eiga að skila afurð til rýni og síðan birtingar. Fjármögnun verkefna þarf að taka fyrir í undirbúningi hvers verkþáttar.

Aðilar hafa heimild til að nýta handrit sem verða til við námsefnisgerð til frekari vinnslu og birtingar án sérstaks leyfis en sérstaklega skal semja um notkun efnis sem er höfundavarið.

Gera skal sérstakt samkomulag um aðgengi að námsefni og efnis hvors aðila sem ekki má rekja til samstarfsins.

4. Endurskoðun

Endurskoða skal framkvæmd og ávinning af samstarfinu að tveimur árum liðnum.